

1867.

4. október.

ágústmán. þ. á., skal yður til vitundar gefið útaf skýrslu yðar 12. f. m., er hingað barst í gær, um ástandið í Eyjafjarðarsýslu, þar sem þér biðið um rentulaust lán til þess að kaupa og senda upp til Eyjafjarðarsýslu 300 tonn af allskonar kornmat, að, ef að þér ætlist til með þessum tillögum yðar, að nú í haust skuli sent skip til Eyjafjarðarsýslu með korni á kostnað stjórnarinnar, þá getur stjórnarráðið — sem að öðru leyti verður að álíta eptir skýrslum þeim, er það hefir fengið hjá kaupmönnum Guðmann og Hoepsner, og bera með sér, að 300 tonn af kornmat hafi verið fluttar til Akureyrar nú í haust, að vandræðum þeim, sem þér óttist fyrir, sé borgið með því — ekki sèð sér fært að verða við áskorun yðar, en aptur á móti skal yður veitt heimild til að ráðstafa allt að 150 tonn af kornvörum þeim, sem getið er um hér að framan og sendar voru til Skagafjarðarsýslu, til þess að afstýra hallæri í Eyjafjarðarsýslu ef þar að kemur, og brýn nauðsyn ber til, og skal því við bætt, að korn það, sem kann að verða útbýtt samkvæmt þessu meðal hreppanna í Eyjafjarðarsýslu, skal lánað með þeim kjörum, sem sett eru hér að framan.

Vér búumst við að fá með fyrstu ferð hingað skýrslu um, hverjar ráðstafanir þér gjörði í þessu efni.

52. Bréf kirkju- og kennslustjórnarinnar til stiptsyfirvaldanna á Íslandi, um veitingu Miðgarða brauðs í Grímsey.

19. október.

Eptir að málefnið um veitingu Grímseyjar brauðs í norður- og austurumdæminu á Íslandi hefir, samkvæmt bréfi stjórnarráðsins 8. júnímán. þ. á., verið lagt fyrir sýnóðus í Reykjavík, og síðan verið fengið álit brauðamatsnefndarinnar um það, hafið þér, herra stiptamtmaður, og þér, háæruverðugi herra, getið þess í bréfi 15. ágústmán. þ. á., að þér hljótið að fallast á

1867.

19. október.

Það álit sýnóðusar og brauðamatsnefndarinnar, að ef ekki fengist neinn hæfilegur maður til að sækja um brauðið, mundi vera betur til fallið að taka mann, sem hefði fengið nokkra skólamenntun, þó hún væri ófullkomin, til að veita brauðinu forstöðu, en að snúa sér í því tilliti að leikmanni, og hafið þér stungið uppá fyrst og fremst, að Grímseyjar brauði verði útveguð svo mikil launaviðbót, að hæfilegur maður yrði til að sækja um það, en launaviðbót sú mætti að yðar hyggju ekki vera minni en 300 rd. á ári. En ef svo færi, að stjórnarráðið sæi sér ekki fært að útvega slíka launaviðbót, og þess vegna yrði að taka til sérstaklegra úrræða, til þess að sjá brauði þessu fyrir sálusorgara, hafið þér bent á einn af lærisveinum í Reykjavíkur skóla, Pétur Guðmundsson, er þér álituð best til fallinn að veita prestakalli forstöðu af þeim mönnum, sem ekki hafa hina lögboðnu hæflegleika til að vera prestar, einkum ef honum gæfist áður kostur á að æfa sig á barnaspurningum og að semja ræður með tilsögn æfös geistlegs manns. En af því að ekki yrði hjá því komizt, til þess að fá hlutaðeiganda til að takast tæð ætlunarverk á hendur, að gefa honum von um, að hann geti búizt við að fá eitt af meðalbrauðunum á Íslandi eptir nokkurra ára t. a. m. 6 ára góða þjónustu, hafið þér stungið uppá til vara, að stjórnarráðið leiti konungsúrskurðar, er veiti stiptsyfirvöldunum heimild til að gefa hlutaðeiganda slíkt fyrirheit.

Útaf þessu skal yður til vitundar gefið yður til leiðbeiningar, að stjórnarráðið hlýtur að álíta það árangurslaust að fara þess á leit, að Grímseyjar brauði verði veitt önnur eins launaviðbót, og þér hafið stungið uppá, en að vèr aptur á móti eptir atvikum ekki erum því móthverfir, að leita konungsúrskurðar til samþykkis uppástungu yðar, að skipa greindan Pétur Guðmundsson til prests í Grímsey með því fyrirheiti um betra brauð, er þér hafið vikið á. En með því að áður yrði að vera óhult um, að hlutaðeigandi sè fús á að þiggja þetta boð, eruð þér beðnir um, áður en frekara verður gjört, að semja við hann um þetta og skýra stjórnarráðinu frá árang-

urnum af því, og þykir réttast, ef samkomulag kemst á, að hann byri tafarlaust á æfingum þeim í að spyrja börn og semja ræður, er þær hafið vikið á. 1867.
19. október.

53. Bréf kirkju- og kennslustjórnarinnar til biskupsins yfir Íslandi, um gjald þeirra, sem fá veitingu fyrir skárri brauðum á Íslandi, til fátækra prestsekkna og latínuskólans. 19. október.

Útaf því, að tilskipunin 15. desembermán. 1865, er nákvæmar ákveður ýmislegt viðvíkjandi prestaköllum á Íslandi, ekki hefir neina ákvörðun inni að halda um greiðslu gjalds þess, sem þeir, er fengið hafa veitingu fyrir sumum brauðum á Íslandi, hafa borgað hingaðtil, samkvæmt konungsbréfi 5. júnímán. 1750 og tilskipun 3. maímán. 1743 til fátækra prestsekkna og til latínuskólans, hafið þær, háæruverðugi herra, í bréfi dagsettu 8. ágústmán. þ. á. beiðzt úrskurðar stjórnarráðsins um, hvernig eigi að að fara í þessu efni nú, er greind tilskipun hefir öðlæzt lagagildi 6. júnímán. þ. á.

Um þetta skal yður til vitundar gefið, yður til leiðbeiningar, að stjórnarráðið fellst á uppástungu yðar, er fer því fram, að í líking við reglur þær, sem farið hefir verið eptir hingað til, skuli framvegis sá, sem fengið hefir veitingu

1. fyrir aðalbrauði, gjalda

til fátækra prestsekkna 2 rd. 12 sk.

- latínuskólans. 2 — 12 —

alls 4 rd. 24 sk.

2. fyrir betra meðalbrauði, gjalda

til fátækra prestsekkna 1 rd. 6 sk.

- latínuskólans. 1 — 6 —

alls 2 rd. 12 sk.